

Stjórnarfundur STEFs 23. jan. 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikudaginn 23. janúar 2024, í Matarkjallaranum við Aðalstræti 2 og hófst kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Puríður Jónsdóttir, Sigríður Thorlacius, Páll Ragnar Pálsson og Sigurður Flosason. Eyþór Gunnarsson boðaði forföll og fundinn sat varamaður hans, Samúel Jón Samúelsson. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

- Fundargerð stjórnarfundar frá 13. desember svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt.
- Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- Rafrænt fréttabréf STEFs desember 2023.
- Stefnumótun starfsfólks sem unnin var í desember 2023 með Aton JL.

Undir þessum lið var sérstaklega rætt um endurnýjun samnings STEFs við *PRS for Music* og reglur PRS um aðgerðir gegn spillingu og mútubrotum. Ákveðið var að STEF myndi skoða vel að setja sér sambærilegar reglur.

- Ný verðskrá fyrir hljóðvarp og sjónvarp.

Framhald frá síðasta stjórnarfundum.

Drög að nýrri verðskrá lögð fram (samhljóða eldri drögum).

Ný drög að verðskrá voru kynnt stjórn á síðasta stjórnarfundum. Verðskráin byggir á kröfugerð og samningi STEFs við RÚV, sem gerður var sl. sumar. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Þessi verðskrá felur í sér mun ítarlegri skilmála en eldri verðskrá, þótt enn sé gert ráð fyrir sérstökum samningum við einstakar stöðvar. Þá hafa verð í prósentum breyst og eru bæði hærri og lægri, eftir magni tónlistar í hljóðvarpi eða tegund sjónvarpsstöðvar. Í öllum tilvikum hafa lágmarksverð lækkað verulega. Þá er nú einnig gert ráð fyrir að STEF innheimti fyrir bæði skammtíamastöðvar og svæðisstöðvar, en slíkt hefur verið einungis gert í undantekningartilvikum áður.

Stjórn STEFs samþykkti verðskrána og verður hún birt á heimasíðu STEFs og síðan grundvöllur til samningsgerðar annarra fjölmiðla en RÚV.

- Úthlutun fyrir tónleika.

Framhald frá síðasta stjórnarfundum.

Lagt fram minnisblað.

Á síðasta stjórnarfundum kynnti framkvæmdastjóri það fyrirkomulag sem notast er við varðandi úthlutun fyrir tónleika í Svíþjóð, en þar fer ákveðið hlutfall af því fé sem innheimtist fyrir tónleika, en ekki koma lagalista eða efnisskrár fyrir, til úthlutunar fyrir aðra tónleika. Hingað til hefur úthlutun þessara tekna hjá STEFi verið með þeim hætti að tekjurnar fara til hækkunar í aðalúthlutun og þá fyrir útvarp- og sjónvarp fyrst og fremst. Með sænsku aðferðinni yrði hægt að úthluta nokkuð hærri upphæð á hvern og einn lagalista eða efnisskrá sem berst, sem aftur hefur í för með sér hvatningu til að skila inn fleiri lagalistum.

Skrifstofa STEFs hefur nú gert nánari greiningu á því hversu mikið fé innheimtist fyrir tónleika, sem ekki er hægt að úthluta. Niðurstaðan er sú að 72% af tekjum fyrir tónleika er hægt að úthluta beint til innlendra og erlendra höfunda, en setja verður þó þann fyrirvara um þetta hlutfall, að það er byggt á meðaltalsmælingum. Ákveðið er að helmingurinn af því sem eftir verður, eða 14% af tekjunum, verði sérgreindar í bókhaldi STEFs sem varasjóður, sem getur þá staðið straum af kröfum um úthlutun fyrir tónleika sem berast seint, en þá geti þessi fjárhæð einnig sveiflujafnað úthlutunina ef á þarf að halda. Til þess að hafa vaðið fyrir neðan, er því ákveðið að óhætt sé að auka úthlutun fyrir tónleika ef lagalista berast um 10%. Í þessu sambandi er einnig horft til þess að þessi aðgerð muni verða til þess að auka innsendingar á lagalistum. Þessi ráðstöfun jafngildir því í raun að STEF felli alveg niður umsýslukostnað sinn af þeim tónleikum sem berast lagalista fyrir (umsýsluþóknunin er 10%). Ákveðið er enn fremur að endurskoða þessa ákvörðun þegar nokkur reynsla er komin á nýtt ferli. Ef nýting varasjóðs er ekki mikil kæmi til greina að setja þá fjármuni í sjóð til styrktar tónleikahaldi í minni tónleikahúsum eða eitthvað slíkt.

5. Frumflutningur

Framhald frá síðasta stjórnarfundum.
Lagt fram minnisblað.

Í minnisblaðinu frá skrifstofu STEFs var að finna nokkrar tillögur um breytingar á verklagi við úthlutun frumflutningsálags. Meginmarkmið þessara tillagna er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á þessari tegund úthlutunar.

Í núverandi kerfi fá verk sjálfkrafa úthlutun fyrir frumflutning þegar að skýrslur um flutning þeirra berast STEFi frá útvarpi, sjónvarpi, á tónleikum, eða þau koma fram í skýrslum frá erlendum systursamtökum vegna flutnings erlendis. Ekki á sér stað samskonar sjálfkrafa úthlutun ef verk er frumflutt í gegnum streymi, en þess í stað hefur STEF tekið við tilkynningum höfunda um slíkan frumflutning.

Nokkrar umræður urðu um málið. Var niðurstaðan sú að taka alveg fyrir sérstakar tilkynningar höfunda um frumflutning í gegnum streymi og skoða síðan aftur á næsta stjórnarfundum aðrar tillögur til breytinga á verklaginu.

6. Upptökusjóður – breytingar á reglum.

Framhald frá síðasta stjórnarfundum.
Lagt fram minniblað

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir stjórnar Upptökusjóðs STEFs að breytingum á sjóðnum, sem miðast við að einfalda umsóknarferlið og gera styrkina staðlaða og að miða þá meira við útgáfu einstakra laga, en ekki heilla platna. Taldi stjórn STEFs þessar tillögur að breytingum ganga heldur langt og var ekki tilbúin til að ganga svo langt, þótt enn væri markmiðið að gera sjóðinn höfundavænni en hann er í dag og laga hann að breyttu umhverfi í útgáfu. Var málinu því vísað aftur til stjórnar Upptökusjóðs til frekari úrvinnslu.

7. Langspilið 2024.

Á síðasta stjórnarfundum var stuttlega rætt um hver næsti handhafi Langspilsins gæti orðið. Nokkrir höfundar voru sértaklega nefndir til sögunnar, en að lokum var tekin ákvörðun sem gerð verður opinber í vor.

8. Forleggjarar í stjórn STEFs.

Rætt var um fyrirspurn sem STEFi barst fyrir skömmu frá nokkrum íslenskum forleggjurum, um setu í stjórn STEFs. Samþykktir STEFs gera ekki ráð fyrir sérstökum fulltrúum forleggjara í stjórn, en hins vegar taka þær ekki heldur fyrir slíkt. Geta forleggjarar því boðið sig fram til setu í stjórn eins og aðrir réttthafar og hafa atkvæðamagn tengt úthlutunum til sín eins og gildir um aðra. Eftir nokkrar umræður taldi stjórn STEFs ekki ástæðu til að skoða breytingar á samþykktum STEFs eins og er vegna þessa.

9. Tónlistarmiðstöð – stofnframlag.

Í desember 2022 tók stjórn STEFs ákvörðun um að leggja *Tónlistarmiðstöð* til stofnfé að fjárhæð kr. 1,5 millj. Var slíkt ákveðið eftir fund stofnaðila. Í ljósi fjárhagsstöðu Tónlistarmiðstöðvar nú og þess að SFH hefur sagst verið tilbúið til að auka við stofnfé sitt, þá er STEF einnig tilbúið til þess að leggja sitt af mörkum til þess að aðstoða miðstöðina í að geta farið af stað með krafti. Er STEF þannig tilbúið að leggja miðstöðinni til stofnfé að fjárhæð kr. 2,5 millj. samtals.

10. Önnur mál

- a) Beiðni *Iceland Sync* um styrk til að halda lagahöfundabúðir.

Framhald umræðu frá síðasta stjórnarfundum, en þá var lögð fram beiðni frá *Iceland Sync* um þriggja ára samstarf við STEF o.fl. aðila um að halda alþjóðlegar lagahöfundabúðir hér á landi undir heitinu „Airsongs“. Stjórnin var jákvæð gagnvart því að veita styrk til verkefnisins, en ákveðið var að fresta formlegri afgreiðslu til næsta stjórnarfundar og biðja fyrirtækið um nánari upplýsingar um fjárhagsáætlun í millitíðinni. Var erindið nú lagt fram að nýju með nýrri

fjárhagsáætlun, auk þess sem upplýst var um góðan árangur þeirra verka sem urðu til í síðustu lagahöfundabúðum. Ákveðið var að veita styrk til lagahöfundabúða nú á árinu 2024 kr. 900.000.

b) Beiðni FTT um styrk til að halda lagahöfundabúðir.

Lögð var fram beiðni frá FTT um styrk til að halda lagahöfundabúðir á Eyjaslóð í mars 2024. Á árinu 2020 samþykkti STEF beiðni FTT vegna samsvarandi verkefnis, en ekkert varð síðan úr því vegna heimsfaraldursins. Er því hér um að ræða endurnýjaða beiðni. Ákveðið var að veita styrk til verkefnisins kr. 500.000.

c) Beiðni um aðild STEFs að Kvikmyndaakademíunni.

Lagt var fram bréf frá Kvikmyndaakademíunni þar sem STEF er boðin aðild að henni gegn tilteknu árgjaldi. Ákveðið var að óska eftir frekari upplýsingum um ýmis atriði er þessu tengjast, áður en afstaða til erindisins verður tekin. Var erindinu því frestað til næsta stjórnafundar.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:00.